



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 30.11.2023 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Slippa- og Ellingsenreitur - Vesturbugt, Gamla höfnin - breyting á deiliskipulagi - Reitir 03 og 04 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. nóvember 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 22. nóvember 2023 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsenreits og Vesturbugtar, Gömlu hafnarinnar vegna reita 03 og 04, ásamt fylgiskjölum.

- Kl. 9:09 tekur Alexandra Briem sæti á fundinum.

Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Bjarni Rúnar Ingvarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Gott er að sjá að hreyfing er komin á þróun svæðisins á nýjan leik. Bætt birtuskilyrði og aukin áhersla á græn svæði hafa verið færð til aukinnar áherslu á svæðinu og er það til bóta.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja, með hefðbundnum fyrirvara um endanlega afstöðu, að fyrirbyggjandi tillaga um breytingu á deiliskipulagi Slipp- og Ellingsenreits verði auglýst. Þeir telja þó æskilegt að við endanlega útfærslu verði leikvelli og/eða sparkvelli komið fyrir á svæðinu í því skyni að þjóna þörfum barna og ungmenna í hverfinu.

Helga Björk Laxdal
e.u.